

Dönsum í Nestúni!
Dönsum í Nestúni þriðjudaginn 1. mars 2016.
Frá kl. 20 til kl.23,
Bjossi og Benni sjá um fjörið.
Ekkert aldurstakmark, ALLIR velkomnir, aðgangseyrir
1000 kr.
Eldri borgarar.



Sláturhús KVH ehf.

Páskaslátrun!

**Sauðfjárslátrun verður
miðvikudaginn 30.mars**

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband á
skrifstofu í síma 455-2330 eða
Sveinbjörn í síma 895-1147.
Einnig er hægt að senda í vefpósti á
svenni@skvh.is

Sjónaukinn

8 tbl 31.árg
24. - 01. mars 2016

Útg. Umf. Kormákur
Abm. Pétur Arnarsson



Netfang: sjonaukinn@simnet.is Uppl. í síma 8482017

Pallaball

Ég held uppi stanslausu
stuði í Félagsheimilinu á
Hvammstanga þann 19. mars
frá kl. 23:00 - 03:00.
Allur eftirstandandi
ágóði rennur til
kaupa á ómtæki!



(Tengill chi)

Miðasala

Eingöngu tekið við reiðufé!
16+ aldurstakmark! (árið gildir)
Forsöluverð 3.500 kr. Forsölu lýkur 4. mars!
Forsala og miðasala fer fram í síma 852-9270.
Húsið opnar klukkan 22:30.
Almennt miðaverð 4.000 kr.



Einskisnýta þælingin

Ég var að þæla í því hvað væri til einskis!

Mér finnst ekkert vera til einskis - allt er til einhvers - allt hefur einhvern tilgang, bæði til góðs og illis fyrir okkur.

Við þurfum bara að læra hvað er hvað og tileinka okkur það sem er til hins betra fyrir okkur.

Lífið hefur uppá svo margt að bjóða nú til dags- bæði gott og slæmt - tökum okkur tíma til að greina þar á milli og njótum þess góða - njótum lífsins og að lifa í "núinu".

Eru þessi orð bara til einskis?? Var bara smá að þæla.

Skora á Ólaf Benediktsson í Miðhópi að koma með næstu þælingu

Ása Ólafs.

Húsaleigustyrkur til námsmanna á framhaldsskólastigi

Sveitarstjórn samþykkir að greiða námsmönnum á framhaldsskólastigi, sem lögheimili eiga í Húnaþingi vestra, sem leigja stök herbergi á almennum markaði, í kjölfar þess að umsókn þeirra um vist á nemendagörðum var hafnað, húsaleigustyrk til jafns við þá upphæð húsaleigubóta sem námsmaður fær sem leigir á nemendagörðum. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að greiða námsmönnum á framhaldsskólastigi húsaleigustyrk þó húsaleigusamningur sé skemmri en 6 mánuðir.

Útfærsla sem gildir út árið 2016

Að fyrir liggi:

Þinglýstur húsaleigusamningur sem gildir fyrir amk. eina önn staðfesting frá skóla um skólavist.

Staðfesting á því að sótt hafi verið um herbergi á heimavist en umsókn hafnað.

Gildir fyrir framhaldsskólanema

Húsaleigustyrkur sem undir þetta fellur nemur aldrei hærri upphæð en greitt hefði verið í húsaleigubætur fyrir herbergi á þeirri heimavist sem sótt var um (og hafnað).

Húsaleigustyrkur sem greiddur er skv. þessum reglum er skattskyldur samkvæmt 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Samþykkt í byggðarráði 8. febrúar 2016 og staðfest í sveitarstjórn 11. febrúar 2016



Húnaþing vestra
Hvam m stangsbraut 5, 530 Hvam m stang
Sími 455-2400 Fax 455-2409
www.hunathing.is

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta



Hvammstangi - 2. mars

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Hvammstanga við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Þú kaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími
568 6880

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is

Hefurðu áhuga á að kynnst Kúbu?



Vertu þá velkomin(n) á **Alþjóðlegum bænadegi kvenna** sem haldinn verður föstudagskvöldið, 4. mars 2016, á Melstað, því efnið kemur að þessu sinni frá konum á Kúbu!

Við byrjum kvöldið kl. 19:30 í safnaðarheimilinu þar sem við kynnumst landinu – það verða myndasýning, tónlist og veitingar frá Kúbu – og kl. 20:30 er samverustund með bænum, söng og sögum frá Kúbu í Melstaðarkirkju. Að venju verður safnað fyrir eitt verkefni innan kirkjunar – og allir gestir fá smá gjöf.

Þetta er í 11. sinn að við í Húnaþingi vestra tökum þátt á Alþjóðlegum bænadegi kvenna en Ísland tekur þátt síðan 1957.

Undirbúningsfundur verður haldinn fimmtudaginn, 25. febrúar, kl. 19:30 í safnaðarheimili á Melstað.

Einnig má hafa samband við Henrike til að fá nánari upplýsingar. Allar konur í Húnaþingi vestra eru velkomnar að taka þátt í undirbúningi!

Við hlökkum til að sjá ný og kunnugleg andlit!

Fyrsta áfanga að ljúka – nóg eftir!
Í tilefni þess að fyrsta áfanga framkvæmda
í Sólgarði, Garðavegi 14,
er að ljúka verður opið hús í nýju
ferðamannaíbúðunum þriðjudaginn
1. mars frá kl 17-19.
Allir velkomnir.
Alli, Skúli og Unnur



Aðalfundur
Minnum á aðalfund Kvenfélagsins Bjarkar á Hótel
Hvammstanga, miðvikudaginn 24. febrúar kl 19:00.
Venjuleg aðalfundarstörf og matur.
Nýjar félagskonur velkomnar.
Stjórn Kvenfélagsins Bjarkar

Íbúð óskast

Er að leita íbúð á Hvammstanga.
Nafn mitt er Klara Matenova og sími er 7831198

Tannréttingasérfræðingur á Hvammstanga!

Gísli Einar Árnason tannréttingasérfræðingur mun vera á tannlæknastofunni
á Hvammstanga föstudaginn 26. febrúar síðdegis, skoða nýja sjúklinga í
fyrsta sinn og stilla til tannréttingatæki hjá þeim sem eru byrjaðir.
Hafið samband í síma 462 4749 og pantið tíma eða á www.tannretting.is.

Verið velkomin.



Hótel Laugarbakki óskar eftir starfsfólki í almenn hótélstörf frá 1. maí 2016.
Auglýst er eftir fólki í eftirfarandi störf; þjónustufólki í sal, þernum,
mótökustarfsfólki, aðstoð í eldhús, þvottahús og matreiðslumanni.
Umsóknarfrestur er til 1. mars 2016.
Áhugasamir hafi samband við Hildi Ýr Arnarsdóttur hótélstjóra,
hildur@laugarbakki.is.
Æskilegt að ferilskrá fylgi með umsókn.
Allar nánari upplýsingar veittar í síma 862 6168
Hótel Laugarbakki.

**Ertu búin/n að tryggja þér miða á Pallaball
í Félagsheimilinu Hvammstanga
19. mars n.k. kl. 23:00 – 03:00
16 ára aldurstakmark (árið gildir).**

Forsölu miða lýkur 4. mars,
forsöluverð er kr. 3.500.

Forsala fer fram hjá Daniel Þór í síma 852 9270.
Einungis er hægt að greiða með reiðufé eða
innlögn á bankareikning.

Allur ágóði rennur til kaupa á ómtæki fyrir
Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga.

Kormáks fréttir Fótbolti– yngri flokkar

Um síðustu helgi hélt 5.flokkur karla á Goðamót Þórs í knattspyrnu á Akureyri. Voru Kormákur/Hvöt með tvö lið, eitt í C- styrkleika og annað í A-styrkleika og náðist frábær árangur hjá því liði á mótinu. Sex leikir unnust, eitt jafntefli og eitt tap og

bronsverðlaun staðreyndin
Úrslit mótsins í A-styrkleika
Kormákur/Hvöt-Höttur 3-1
Kormákur/Hvöt-Vestri 4-2
Kormákur/Hvöt-KA 1 0-1
Kormákur/Hvöt-Þór 1 1-1
Kormákur/Hvöt-Völsungur 3-0
Kormákur/Hvöt-Fjarðarbyggð 4-3
Kormákur/Hvöt-KA 2 1-0
Kormákur/Hvöt-Þór 2 2-1

Lokastaða

1-2.sæti KA1 og Þór 1 20 stig bæði lið
3. sæti Kormákur/Hvöt 19 stig

Frábær árangur hjá strákunum.

Nú hefst að nýju fyrirlestraröð Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna **Með Sunnudagskaffinu**.

Dr. Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur og stundakennari við Háskóla Íslands heldur fyrirlesturinn
Bændur og vinnuhjú í Miðfirði á 19. öld.

Fyrirlesturinn verður haldinn **sunnudaginn 28.febrúar næstkomandi á Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna kl 14:00.**

Allir eru velkomnir og verður kaffisala á staðnum

Við minnum á að sýningin
“Mitt er þitt og þitt er mitt – konur á fyrri tíð”
er opin á safninu og fjallar um líf og störf kvenna á fyrri tíð.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest!

Kormáks fréttir Körfubolti:

Á laugardaginn fór fram stórleikur í Íþróttahúsinu á Hvammstanga, þar sem okkar Kormáksmenn tóku á móti Stál-úlfs mönnum. Gestirnir leiddu lungann úr leiknum en okkar menn náðu alltaf að hanga í pilsufaldi gestanna. Þegar rétt tæpar sex mínútur lifðu leiks komust okkar menn yfir og voru lokamínúturnar æsispennandi. Þegar tæpar fjörutíu sekúndur voru eftir komust Stál-úlfs menn einu stigi yfir. Eitthvað minnkaði hringurinn hjá okkar mönnum eftir það og eina ráðið var að brjóta á gestunum og senda þá á vítalínuna þegar 8,6 sek voru eftir. Stál-úlfs menn klikkuðu úr báðum vítunum, Hlynur Ríkk náði frákastinu, geystist fram völlinn fékk villu dæmda á gestina og tvö vítaskot þegar ein sekúnda var eftir. Hlynur setti bæði skotin ofaní og eins stigs sigur Kormáks í háspennu-lífshættu leik. Eftir leikinn er Kormákur í fimmta sæti deildarinnar og í hörkuséns á að komast í úrslitakeppnina.

Staðan í deildinni er þannig:



Íslandsmót karla 3.deild

Sæti Lið	Sigrar	Töp	Stig
1. Laugdælir	10	0	20
2. KFÍ B	7	2	14
3. Gnúpverjar	7	3	14
4. Stál-úlfi	5	6	10
5. Kormákur	5	5	10
6. Grundarfjörður	4	5	8
7. Patrekur	4	5	8
8. ÍA B	3	8	6
9. ÍBV B	1	4	2
10. Stjarnan B	1	9	2